

Fimmtudaginn 21. janúar 1993.

Nr. 172/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Ólafi Elíasi Oddssyni

(Arnmundur Backman hrl.).

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1992 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds. Krefst hann þyngingar á refsingu ákærða og hækkunar á greiðslu skaðabóta til vitnisins Lúðvíks Rúdólfs Kemp.

Ákærði krefst sýknu í málinu.

Ekki er ástæða til að hnekkja mati héraðsdómara á sönnun um atvik málsins. Ber með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að fallast á niðurstöðu hans um sök ákærða og refsíákvörðun.

Ákærði er skaðabótaskyldur gagnvart fyrrgreindu vitni vegna tjóns af þeim áverka, er vitnið hlaut. Eins og málið lá fyrir í héraði, hefði verið réttara að dæma efnislega um kröfu vitnisins vegna tapaðra vinnutekna. Þá er og ljóst, að taka átti til meðferðar kröfu vitnisins vegna kostnaðar af aðstoð lögmanns varðandi bótakröfu þess, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Umræddum kröfufliðum var þó vísað frá héraðsdómi, og er við það miðað af hálfu ákærvalds, að þeir komi ekki til meðferðar hér fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 173. gr. sömu laga. Er rétt að láta þar við sitja, og verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um skaðabætur staðfest með þessum athugasemdum. Á dómurinn þannig að vera óraskaður.

Gera ber ákærða að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Ákærði, Ólafur Elías Oddsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. mars 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 26. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 152/1992: Ákærvaldið gegn Ólafi Elíasi Oddssyni, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. þ. m., á hendur ákærða, Ólafi Elíasi Oddssyni, Rangárseli 20 í Reykjavík, fæddum 14. janúar 1947, fæðingarnúmer 222.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 3. febrúar 1991 í veitingahúsinu Breiðvangi við Álfabakka í Reykjavík slegið Lúðvík Kemp, fæddan 17. mars 1944, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann marðist og bólgnaði yfir nefi og nefrót og bólgnaði á efri vör og skarst innan á neðri vör.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta“.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 3. febrúar 1991 klukkan 2.29 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um líkamsárás á skemmtistaðnum Breiðvangi. Fóru þangað tveir lögreglumenn og hittu þar fyrir dyraverði hússins, sem vísuðu þeim á Lúðvík Rúdolf Kemp, þá að Ljárskógum 26 í Reykjavík, en hann kvaðst hafa orðið fyrir mjög óvæntri árás frá ókunnum manni, sem hefði slegið sig föstu höggi í andlitið, svo að hann væri líklega nefbrotinn.

Sá, sem sakaður var um árásina, ákærði, Ólafur Elías Oddsson, viðurkendi ekki að hafa slegið Lúðvík og kvaðst aldrei hafa séð hann fyrr. Var ákærði með blóðslettur á fötum. Hann var ekki mikið ölvaður og skýrði vel frá.

Lúðvík var að mati lögreglunnar áberandi ölvaður og átti erfitt með að skýra mál sitt. Honum var ekið á slysadeild Borgarspítalans til meðferðar.

Vitnið Gutti Guttusen, Bjargartanga 10 í Mosfellsbæ, kvaðst hafa séð ákærða slá Lúðvík föstu höggi í andlitið, án þess að ástæða væri fyrir því.

Vitnið Lúðvík Rúdolf Kemp skýrði rannsóknardeild lögreglunnar svo frá, að það hefði setið við borð á Breiðvangi umrætt sinn ásamt fleira fólki,

þegar ákærði, sem hefði verið við borðið, hefði farið að vera með einhver læti. Hefði hann m. a. kastað öskubakka upp í loftið og ruslað af borðinu með staf, sem hann hefði verið með. Vitnið kvaðst síðan hafa reynt að róa ákærða, en hann þá slegið það fyrirvaralaust í andlitið, svo að það rotaðist.

Ákærði skýrði rannsóknardeildinni svo frá, að hann hefði verið að ganga við hækju, sem hann noti, nokkuð mikið undir áhrifum áfengis um sal Breiðvangs umrætt sinn. Hefði hann þá komið að borði, þar sem menn stöðvuðu hann og vildu fá að prófa hækjuna. Var ákærði ekki tilbúinn til þess, og varð þetta til þess, að ákærði og mennirnir fóru að munnhöggvast. Kvaðst ákærði eftir nokkurt þref hafa lamið einn manninn, þann sem hafði sig mest í frammi, með hækjunni í höfuðið, en eftir það hófust handalögmál á milli ákærða og mannsins, sem hann lamdi, og einhverra fleiri, sem voru þarna við borðið. Dyraverðir komu síðan og skökkðuð leikinn.

Vitnið Gutti Guttessen skýrði rannsóknardeildinni svo frá, að hann hefði setið við borð á Breiðvangi umrætt sinn ásamt konu sinni, systur hennar og Lúðvík Rúdolf Kemp, þegar maður með hækju hefði skyndilega komið að borðinu og sest við það, en þeir, sem sátu við það, hefðu í fyrstu ekki viljað skipta sér af því. Var maðurinn greinilega undir áhrifum áfengis. Stuttu eftir komu hans að borðinu fóru kona vitnisins og Lúðvík að dansa, og þegar þau komu aftur, var maðurinn enn við borðið. Sagði vitnið, að maðurinn hefði skyndilega kastað öskubakka upp í loft, og hefði hann endað á gólfinu og brotnað. Síðan hefði maðurinn tekið tvö glös á borðinu og kastað þeim upp í loft. Hefði annað farið í gólfið og brotnað þar, en hitt lent á öðru glasi á borðinu og skellt því um koll. Sagði vitnið, að viðstaddir hefðu verið farnir að halda, að maðurinn myndi næst taka borðið og kasta því um koll. Hefði Lúðvík því staðið upp, tekið í manninn og spurt, hvað þetta ætti að þýða. Þá hefði ekki skipt neinum togum, að maðurinn hefði slegið Lúðvík í andlitið, að vitnið taldi, tvö eða þrjú högg, hið fyrsta nokkuð þungt. Hefði Lúðvík ekki gert annað en reyna að halda manninum frá sér og verjast því að fá ekki fleiri högg. Dyraverðir hefðu síðan komið og tekið manninn.

Vitnið kvaðst hafa verið ódrukkíð umrætt sinn, og hefði fólkið ekkert verið að skipta sér af hækju mannsins, sem hann hefði ekki beitt, heldur höndunum. Hann hefði hins vegar staðið þarna með hækjuna og haft í hótunum.

Eftir að fyrir lá bótakrafa frá Lúðvík Rúdolf Kemp, sem síðar verður gerð grein fyrir, mætti ákærði hjá rannsóknardeild lögreglunnar að nýju 23. apríl sl. og kvaðst ekki vísa kröfunni á hug, en hann gerði sér grein fyrir því, að hann hefði valdið áverkunum á Lúðvík, og skipti ekki máli

í því sambandi, hvort hann hefði gert það með hnefanum eða hækju. Myndi hann tala sjálfur við Lúðvík og athuga, hvort hann næði einhverjum sáttum við hann.

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 11. október sl., var samþykkt, að málinu yrði lokið með dómsátt, enda féllist ákærði á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar og skaðabóta, en brot ákærða var talið varða við sömu lagagreinir og um getur í ákæru.

Ákærða var kynnt framangreint bréf í dómnum 20. febrúar sl., og kvaðst hann þá ekki geta fallist á að ljúka málinu með umræddum hætti, og væri það vegna þess, að hann teldi sig ekki hafa ráðist á kæranda og veitt honum högg.

Málið var endursent ríkissaksóknara með bréfi dómsins 2. þ. m.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins.

Ákærði kannast ekki við að hafa gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru, og kannast ekki við að hafa aðfaranótt sunnudagsins 3. febrúar 1991 barið Lúðvík Kemp hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, sem í ákæru greinir.

Ákærði kveðst hafa verið á Breiðvangi umrætt sinn og nokkuð mikið undir áhrifum áfengis. Ákærði var á göngu um sal í húsinu og gekk við hækju, sem hann notar. Var ákærði að koma af salerni og á leið að borði, þar sem hann hafði setið. Gekk hann fram hjá öðru borði í salnum, og þegar hann var að fara fram hjá því, bar kærandi málsins það upp á ákærða, að hann hefði hellt úr glasi, sem var á borðinu. Ákærði neitaði því. Í framhaldi af því varð rifrildi, og lauk því svo, að kærandi málsins skellti ákærða í gólfið. Lagðist kærandinn síðan ofan á ákærða og hélt báðum höndum hans. Í þessari stellingu sá ákærði, að kærandi var með blóðnasir. Ákærði gerir sér ekki grein fyrir því, hvernig kærandinn fékk blóðnasirnar, en neitar því ekki, að það hafi getað stafað af hnjaski, sem kærandi hafi hlotið í viðskiptum þeirra. Ákærði hélt í hækju sína, á meðan þeir voru að rífast. Ákærði kannast ekki við að hafa barið kæranda með hækjunni eða að hún hafi rekist í hann, á meðan þeir voru að rífast. Ákærði gerir sér ekki grein fyrir því, hversu mikil handalögmál hafi verið á milli þeirra, á meðan þeir voru að rífast, en þau hafi ekki verið mikil, áður en ákærði féll í gólfið. Þó hafi einhver handalögmál orðið, áður en það gerðist, en þau hafi staðið stutt, þar sem ákærði hafi fallið snemma í gólfið. Ákærði telur fráleitt, að kærandi hafi hlotið blóðnasirnar af sínum völdum, og ítrekar, að hann hafi ekki lamið kæranda í andlitið.

Ákærði kannast við undirskrift sína undir skýrslur sínar hjá rannsóknardeild lögreglunnar, en segir skýrslurnar ekki rétt eftir sér hafðar. Kannast ákærði ekki við að hafa játað hjá lögreglu að hafa valdið kæranda þeim

meiðslum, sem hann varð fyrir umrætt sinn. Ákærði kveðst hafa verið að ræða málið við skýrslutakandann hjá lögreglunni, og spurði skýrslutakandinn, hvað hefði gerst. Segist ákærði hafa sagt, að hann væri ekki viss um, hvað gerst hefði, en kærandi hefði talað um það um nóttina, að ákærði hefði barið sig með hækjunni. Ákærði segir skýrslurnar, sem lögreglu- maðurinn tók af sér, algjört rugl, og kveðst ákærði ekki hafa lesið skýrslurnar, áður en hann skrifaði undir þær.

Vitnið Lúðvík Rúdolf Kemp, nú að Hátúni 4 í Reykjavík, kveðst hafa setið við borð í sal á Breiðvangi umrætt sinn ásamt fleira fólki. Rétt hjá borðinu var ákærði með hækju. Var ákærði eitthvað að sveifla henni í kringum sig. Hafði eitt glas farið um koll. Af þeim sökum reyndi vitnið að róa ákærða með því að klappa á öxl hans. Ákærði hins vegar sló vitnið fyrirvaralaust tvö högg í andlitið, og rotaðist vitnið af hinu síðara. Vitnið man ekki í dag, hvar það var statt, þegar það rankaði við sér, en í framhaldi af því fór vitnið á slysadeild Borgarspítalans í bifreið. Vitnið minnir, að það hafi rankað við sér í henni, en telur mögulegt, að það hafi verið búið að ranka við sér inni á veitingastaðnum.

Vitnið man eftir lestur skýrslu sinnar hjá rannsóknardeild lögreglunnar um meðferð ákærða á öskubakkanum.

Vitnið segir, að ákærði hafi ætlað að koma til sín og ganga frá greiðslu bóta vegna málsins, en það hafi ekki gerst. Heldur vitnið fast við bótakröfu þá, sem lögð hefur verið fram í málinu af þess hálfu.

Vitnið segir, að ákærði hafi setið við eitthvert borð rétt hjá vitninu. Ekki veit vitnið, hver hafði borðið, en ákærði hafi staðið við það, þegar hann henti um glasinu á borðinu hjá vitninu. Vitnið segir, að bæði það og ákærði hafi verið standandi, þegar ákærði veitti því höggið, og var ákærði nýrisinn á fætur. Studdi hann sig við hækjuna, þegar hann veitti höggið. Ekki man vitnið, hvora höndina ákærði notaði, þegar hann sló vitnið.

Vitnið Gutti Guttusen kveðst hafa setið umrætt sinn við borð á Breiðvangi ásamt Lúðvík, konu sinni og systur hennar. Við næsta borð sat ákærði með hækju, og sá vitnið hann taka þrjú glös af borði vitnisins með áfengi og gosi og láta þau detta í gólfíð. Þegar þetta var um garð gengið, tók Lúðvík í öxl ákærða og bað hann að hætta þessu, en í stað þess sá vitnið ákærða slá Lúðvík í andlitið, og sá vitnið eitt högg lenda á nefi Lúðvíks, sem fékk miklar blóðnasir. Vitnið telur, að högginn, sem ákærði veitti Lúðvík, hafi verið tvö eða þrjú. Vitnið telur a. m. k. fyrsta höggið hafa verið þungt, en ekki telur vitnið, að Lúðvík hafi rotast og ekki fallið í gólfíð af höggunum. Vitnið sá ekki ákærða og Lúðvík liggja á gólfinu. Vitnið segir, að ákærði hafi verið sitjandi, þegar hann sló Lúðvík, sem einnig sat, og notaði hann líka hækjuna jafnframt hnefunum. Var ákærði risinn á fætur, þegar hann notaði hækjuna. Annað borðanna féll á hliðina

í átökunum. Högginn með hækjunni voru veitt Lúðvík í síðuna. Vitnið telur, að ákærði hafi veitt högginn með hægri hnefa.

Vitnið var ódrukkið umrætt sinn og hafði aðeins gos í glasi sínu, sem var eitt þeirra þriggja, sem féllu í gólfið. Vitnið kveðst hafa verið svili Lúðvíks Kemp.

Vitnið segir, að ákærði hafi ekki sest við borðið hjá sér og samferðafólki sínu. Það man eftir lestur skýrslu sinnar hjá rannsóknardeild lögreglunnar um meðferð ákærða á öskubakka. Það fullyrðir, að glösin hafi verið þrjú, sem ákærði lét falla í gólfið. Vitnið telur, að það hafi gleymt að geta um boðið, sem féll um koll, þegar það gaf skýrslu hjá lögreglu. Vitnið segir, að Lúðvík hafi verið sestur á stól við hliðina á ákærða, þegar hann fékk högginn. Vitnið fullyrðir, að ákærði hafi notað hækjuna til barsmíða, og kveðst vitnið hafa gleymt þessu, þegar það gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar.

Vitnið Andrea Bjarnadóttir, Bjargartanga 10 í Mosfellsbæ, kveðst hafa setið umrætt sinn við borð á Breiðvangi ásamt eiginmanni sínum, systur og Lúðvík Kemp. Við næsta borð sat ákærði, sem vitnið sá fella í gólfið glös af borðinu, sem vitnið sat við. Vitnið man ekki, hvað glösin voru mörg né hvernig maðurinn felldi þau í gólfið, og ekki man vitnið eftir fleiru á borði þeirra, sem ákærði hafði afskipti af. Vitnið segir, að Lúðvík hafi kallað til ákærða og beðið hann að hætta þessu. Sat Lúðvík þá í sæti sínu við borðið, sem vitnið var við. Næst sá vitnið ákærða reiða upp annan hnefann, en ekki man vitnið hvorn. Síðan sá vitnið ákærða slá Lúðvík eitt högg, sem lenti á nefi hans. Ekki sá vitnið ákærða slá fleiri högg. Vitnið sá, að blóð rann úr nefi Lúðvíks eftir höggið. Vitnið segir, að ákærði hafi verið risinn upp, þegar hann veitti höggið, en Lúðvík hafi setið í sæti sínu. Ekki heyrði vitnið ákærða segja neitt, áður en hann sló höggið, og það man ekki, hvort Lúðvík féll í gólfið. Ekki sá vitnið ákærða liggja ofan á Lúðvík á gólfinu, og ekki man vitnið, hvort borð féll um koll í átökunum. Þá man vitnið ekki, hvort ákærði studdi sig við hækjuna, þegar hann sló höggið.

Vitnið Kristín Sigríður Einarsdóttir, Lokastíg 28 í Reykjavík, er systir vitnisins Andreu og var ásamt henni, Gutta og Lúðvík, fyrrverandi eiginmanni sínum, sitjandi við borð á Breiðvangi umrætt sinn. Við næsta borð sat ákærði. Minnir vitnið, að hann hafi komið að borðinu, þar sem vitnið sat, og hafi hann eitthvað rætt við vitnið. Vitnið kveðst síðan hafa farið frá, og getur vitnið ekkert borið um það, hvernig þeir atburðir urðu, sem mál þetta fjallar um. Vitnið sá engan aðdraganda þess, að ákærði slægi Lúðvík í andlitið, og kveðst ekki hafa verið við borðið, þegar sá atburður á að hafa gerst. Þegar vitnið kom aftur eftir burtför sína frá borðinu, sá það, að Lúðvík var blóðugur í andliti. Vitnið sá hins vegar ekki, hvernig

það gerðist. Vitnið man ekki, hvort ákærði var blóðugur. Þá man vitnið ekki, hvað það ræddi við ákærða í þetta sinn, en segir, að engar deilur hafi verið á milli þeirra.

Vitnið Anders Stefán Fríberg, Sigtúni 45 í Reykjavík, kveðst hafa verið dyravörður á Breiðvangi umrætt sinn, og var það kvatt inn í salinn vegna óláta, sem höfðu orðið við borð í salnum. Vitnið fékk annan dyravörð með sér.

Þegar þeir dyraverðirnir komu inn í salinn, sá vitnið, að maður var að berja ákærða, sem sat á stól og hafði hækju í hendi, en ákærði var að reyna að rísa á fætur með því að styðja sig við hækjuna. Ákærða tókst að rísa á fætur, og þegar hann var kominn á fætur, sá vitnið hinn manninn reyna að berja ákærða áfram í höfuðið, en ákærði bar hækjuna fyrir sig. Sá vitnið hækjuna rekast í andlit hins mannsins, en ekki getur vitnið borið, hvar í andlitið hún fór. Vitninu og félaga þess tókst að skilja mennina að, og urðu ekki frekari átök á milli þeirra. Vitnið sá, að ákærði var mjög blóðugur í andliti svo og föt hans. Vitnið sá aðeins örlitlar blóðslettur á hinum manninum. Vitnið hafði aldrei áður séð ákærða og hefur ekki, svo að það muni, séð hann eftir þetta.

Vitnið og félagi þess fóru með báða mennina fram í eldhús og ræddu þar við þá og reyndu að þrifa þá. Báðir héldu því fram, að hinn hefði byrjað átökin, og hélt því vitnið inn í salinn að leita vitna við næsta borð. Ræddi vitnið þar við tvo karlmenn og eina konu. Héldu þau því fram, að ákærði hefði komið að borðinu, sest við það og farið að ræða við konu, sem þar sat. Fram kom, að ákærði hefði hallað sér fram á borðið og rekið olnbogann í glas með vínblöndu, sem hefði fallið í gólfið. Hefði þá komið maður að borðinu, sem setið hafði við það, og hefði hann byrjað að öskra og ásaka ákærða fyrir að halda við fyrrverandi konu sína. Jafnframt krafði hann ákærða um bætur fyrir glasið og að hann færi frá borðinu. Í framhaldi af því hefði ákærði spurt konuna, hvort hann mætti ekki sitja kyrr og ræða við hana, og hefði hún játað því. Síðan hefði maðurinn ráðist á ákærða að fyrri bragði og lamið hann í andlitið ofarlega.

Vitnið Ásgeir Einarsson, Gullteigi 29 í Reykjavík, man eftir að hafa séð ákærða á Breiðvangi og að hafa haft afskipti af málum hans þar. Vitnið man þetta þó óglögt.

Vitnið minnir, að ákærði og annar maður hafi verið í átökum, þegar það og starfsbróðir þess, Anders, komu inn í salinn á Breiðvangi umrætt sinn, og var starfsbróðir þess byrjaður að skilja þá að, en hann varð aðeins á undan vitninu inn í salinn. Vitnið sá ekki upphaf átakanna. Vitnið þorir ekki að fullyrða, hvað mennirnir sögðu í upphafi, þegar þeir höfðu verið skildir að, en minnir, að þeir hafi hvor um sig kennt hinum um upptök átakanna.

Vitnið segir, að mennirnir báðir hafi verið færðir fram í eldhús, og þar lýsti annar mannanna yfir því, að hann vildi kæra hinn, og því var lögreglan kvödd til. Anders, félagi vitnisins, fór inn í salinn og hafði tal af fólki til að reyna að upplýsa um upphaf átakanna. Sjálf fór vitnið ekki inn í salinn þessara erinda.

Vitnið fékk þá mynd af frásögn Anders, að ákærði hefði setið við borð og rætt við konu og þá rekið sig í glas, sem fallið hefði í gólfið. Þá hefði komið maður að borðinu og reiðst þessu og barið ákærða. Vitnið segir, að það sitji í sér, að einhver afbrýðisemi hafi komið við sögu í málinu.

Ákærði segist hafa farið heim til vitnisins Lúðvíks og rætt við það um hugsanlegar bætur í málinu, og hafi verið nefndar 100.000 krónur. Þegar ákærði fór í þessa för, var hann ekkert farinn að rannsaka málið og stóð í þeirri trú, að hann hefði valdið Lúðvík þeim áverkum, sem hann átti að hafa borið eftir samskipti þeirra.

Ákærði kannast við að hafa verið að ræða við konu við umrætt borð og að glas hafi fallið í gólfið svo og öskubakki.

Vitnið Lúðvík Rúdolf segir vegna framburðar vitnisins Anders Stefáns, að það minnst þess ekki að hafa verið að berja ákærða, þegar dyraverðina bar að, og kannast ekki við að hafa viðhaft við borðið orð um afbrýðisemi né að hafa að fyrri bragði barið ákærða. Vitnið segist hafa skilið við eigin konu sína, Kristínu Sigríði, fyrir sex árum og sé engin afbrýðisemi í sér hennar vegna.

Vitnið Gutti segir vegna framburðar dyravarðanna, að það staðfesti, að dyravörður hafði tal af því eftir átökin og spurði, hvort það vildi vera vitni í málinu. Vitnið kannast ekki við, að vitnið Lúðvík hafi átt upptök átakanna og barið ákærða. Þá man vitnið ekki til þess, að afbrýðisemi hafi borið á góma við dyraverðina, og ekki heyrði vitnið slíkt hjá vitninu Lúðvík.

Vitnið segir, að dyraverðirnir hafi, þegar þeir komu á vettvang, þurft að skilja að ákærða og vitnið Lúðvík. Ekki kannast vitnið við, að Lúðvík hafi verið að reyna að berja ákærða í höfuðið. Segir vitnið, að Lúðvík hafi aðeins verið að verja sig fyrir höggum ákærða.

Vitnið heldur því fram, að dyraverðirnir hafi viljað fá upplýsingar um upphafið hjá viðstöddum, áður en þeir leiddu ákærða og Lúðvík á brott. Ekki hafi verið leitað upplýsinga af hálfu annars dyravarðarins, eftir að þeir höfðu verið færðir á brott.

Vitnið Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður, Bakkaseli 13 í Reykjavík, tók báðar skýrslurnar af ákærða. Það kveðst vísa á bug framburði ákærða fyrir dóminum um skýrslurnar og segir, að skýrslurnar hermi báðar það eitt, sem ákærði hafi sjálfur sagt.

Vitnið kveðst ekki hafa lesið skýrslurnar fyrir ákærða, en segir það verk-

reglu sína að rétta þeim, sem skýrslur eru teknar af, þær til lestrar, áður en undirskrift fer fram. Telur vitnið víst, að ákærði hafi lesið skýrslurnar yfir.

Vitnið segist hafa í fyrra tilfellingunni rétt ákærða skýrsluna til lestrar og undirskriftar, en að því búnu vék vitnið sér frá til að sækja vott til að vera viðstaddan undirskrift skýrslunnar. Í síðara skiptið var ekki vottur, þar sem aðalerindið í það skipti var að bera undir ákærða bótakröfuna.

Vitnið Hörður Jóhannesson rannsóknarlögreglumaður, Rjúpufelli 28 í Reykjavík, ritaði sem vottur á fyrri skýrsluna, sem ákærði undirritaði. Segist vitnið hafa horft á ákærða skrifa undir skýrsluna, en getur ekki borið um, hvort hann las hana yfir áður eða hvort hún var lesin upp fyrir honum.

Ákærði fullyrðir, að enginn vottur hafi verið viðstaddur, þegar hann skrifaði undir skýrsluna, og kveðst ákærði halda fast við framburð sinn um tilurð skýrslunnar. Vitnið Rúnar heldur einnig fast við framburð sinn, og vill hvorugur breyta því, sem hann hefur haldið fram.

Í málinu liggur fyrir vottorð Brynjólfs Jónssonar, læknis á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, dags. 12. mars 1991, um meiðsli Lúðvíks R. Kemp, og segir í upphafi þess, að hann hafi komið á deildina umrædda nótt klukkan 2.50 að eigin frumkvæði. Um skoðun á meiðslunum og álit á þeim segir síðan svo í vottorðinu:

„Við skoðun kom í ljós mar og bólga yfir nefi og nefrót. Nef beygt til vinstri. Engin blæðing, en merki um nefblæðingu á fötum og eldra blóð í andliti. Mar og bólga á milli augnabrána, sérstaklega hægra megin. Bólga á efri vör og skurður innan á neðri vör. Engir áverkar að öðru leyti.

Rtg-myndir teknar 3/2 1991 sýna engin brot, en sjúkl. sendur til áframhaldandi meðferðar á háls-, nef- og eyrnadeild.

Álit.

Áverkarnir geta verið eftir ofbeldi frá öðrum. Bólga og mjúkvefjaáverkar í andliti, sérstaklega nefi. Áverkarnir teljast ekki alvarlegir, en nokkurn tíma tekur að ná sér alveg líkamlega. Hefur ekki verið í endurkomu á slysa-deild síðan 3/2 1991.“

Niðurstöður.

Þrátt fyrir neitun ákærða við meðferð málsins, að hann sé sekur um árás þá, sem honum er gefin að sök í ákæru, er með framburði vitnanna Lúðvíks Rúdólfs, Gutta og Andreu, sem bera um árás ákærða, svo og læknisvottorðinu sannað, að ákærði er sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru. Þykir reikull framburður vitnanna um staðsetningu ákærða og vitnisins Lúðvíks, þegar vitnið hlaut högg ákærða, ekki breyta þessu.

Skýring ákærða á játningu í tveimur skýrslum hjá rannsóknarlögreglu er afar ótrúverðug, og verður ekki tekið mark á henni. Þá verður ekki miðað við framburð dyravarðanna tveggja um sök eða sakleysi ákærða, þar sem þeir komu báðir á vettvang eftir upphaf málsins og geta því ekki borið um, hvernig það bar að, en af framburði vitnanna þriggja er ljóst, að ákærði á að hafa veitt vitninu Lúðvík högginn í upphafi. Brot ákærða er rétt fært til refsíákvæða í ákæru.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann á árunum 1963 - 1969 sjö sinnum með dómsátt á Akranesi undir að greiða sektir, sem voru sex sinnum fyrir brot á lögreglusamþykkt, áfengislögum og umferðarlögum og einu sinni fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga. Þá gekkst ákærði í nóvember 1990 undir að greiða í dómnum 7.000 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. Öðrum refsingum hefu ákærði ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í tíu daga.

Skaðabætur.

Af hálfu Lúðvíks Rúdólfs Kemp hefur lögmaður sett fram bótakröfu á hendur ákærða. Er hún dagsett 10. apríl sl. og sundurliðast þannig:

„1. Útlagður lækniskostnaður	kr.	1.200
2. Hreinsun á fatnaði	—	2.100
3. Tapaðar vinnutekjur	—	48.000
4. Miskabætur	—	100.000
5. Lögmannspóknun skv. gjaldskrá LMFÍ	—	16.146
6. Virðisaukaskattur á lögm-póknun	—	3.956
Samtals		kr. 171.402

er beri dráttarvexti samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 3. 2. 1991 til greiðsludags, en leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 3. 2. 1992.“

Ákærði lýsti yfir, eins og áður greinir, hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, þegar honum var kynnt bótakrafan, að hann vísaði henni ekki á bug, en kvaðst ætla að tala sjálfur við vitnið Lúðvík og athuga, hvort hann næði einhverjum sáttum við það í málinu. Fékk ákærði frest til þess

til 1. júlí sl. Samkvæmt upplýsingum rannsóknardeildar lögreglunnar 30. júlí sl. hafði ákærði þá ekki haft neitt samband við vitnið Lúðvík, en það upplýsti, að ákærði og það hefðu verið búnir að koma sér saman um, að ákærði greiddi vitninu 100.000 krónur í bætur og þar með væri málinu lokið.

Við meðferð málsins mótmælir ákærði í heild bótakröfunni.

Þar sem ákærði er sakfelldur fyrir það, sem honum er gefið að sök í ákæru, ber hann einnig bótaskyldu gagnvart vitninu Lúðvík Rúdolf.

Í vottorðinu um áverka vitnisins Lúðvíks Rúdólfs er þess hvergi getið né í gögnum málsins, að áverkar vitnisins hafi verið þess eðlis, að vitnið þyrfti að vera frá vinnu vegna þeirra. Þegar af þeirri ástæðu og vegna mótmæla ákærða verður þessum lið kröfunnar vísað frá dómnum. Þá verður liðunum lögmannspóknun og virðisaukaskatti af henni vísað frá dómnum, þar sem dæmt er um kröfu þessa í opinberu máli.

Fyrir liggja gögn til styrktar 1. og 2. lið kröfunnar, sem báðir verða teknir til greina, og ákærði dæmdur til þess að greiða þá. Miskabætur til vitnisins Lúðvíks þykja hæfilega ákveðnar 40.000 krónur. Verður ákærði því dæmdur til þess að greiða vitninu Lúðvík 43.300 krónur í bætur ásamt vöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Sakarkostnaður.

Loks verður ákærði dæmdur samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmans, 35.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Elías Oddsson, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðahaldi í tíu daga.

Ákærði greiði Lúðvík Rúdolf Kemp, Hátúni 4 í Reykjavík, 43.300 krónur í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 3. febrúar 1991 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmans, 35.000 krónur.